

# Tillaga að starfsleyfi fyrir

Síldarvinnsluna hf. kt. 570269-7479

vegna fiskimjölsverksmiðju í Helguvík

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík, Stakksbraut 5, 230 Reykjanesbæ. Síldarvinnslan hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaða að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskúrgangi, sem ætlaður er til endurvinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 1.200 tonnum af hráefni á sólahring. Starfsleyfi þetta gildir ekki um aðra vinnslu fiskafurða eða rekstur vélaverkstæðis.

### 1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „BAT Best Available Technology in the Fishing Industry, TemaNord 1997:579 © Nordic Council of Ministers, Copenhagen 1997“. Lýsingar á mengunarvörnum finnast einnig í „Best Available Techniques (BAT) in Nordic Slaughterhouses, Bat-report TemaNord 2001:553“ og „Reference Document on Best Available Techniques in the Slaughterhouses and Animal By-products Industries, May 2005 (IPPC)“. Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

## **1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar**

Gera skal áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar. Í áætlun þessari skal rakið hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði og tækjum. Áætluninni skal skilað til Umhverfisstofnunar innan eins árs frá gildistöku starfsleyfis þessa. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

Hvort sem rekstur stöðvast varanlega eða vegna tilfallandi vinnslustöðvunar skal alltaf lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni eða kyrrstætt fráveituvatn. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef vinnsla hefur legið niðri í meira en mánuð.

## **1.6 Endurskoðun starfsleyfis**

Endurskoða skal starfsleyfið á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fiskimjölsverksmiðja séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

Við endurskoðun skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunar skýrslu um árangur við að nýta orku vel sbr. gr. 1.3.

## **1.7 Breyttar forsendur**

Ef eftirfarandi aðstæður skapast:

- i. mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins,
- ii. fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir,
- iii. breytingar verða á bestu fáanlegu tækni,
- iv. eða niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki sbr. 28. gr. laga nr. 36/2011, um stjórn vatnamála,

skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er í samráði við Umhverfisstofnun og ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999 og þegar við á, samkvæmt 28. gr. laga nr. 36/2011. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

## **1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði**

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

## **1.9 Upplýsingaréttur almennings**

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

## **2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS**

### **HRÁEFNI OG ELDSNEYTI**

#### **2.1 Löndun**

Löndunarbúnaður skal vera þéttur. Allt löndunarvatn og vatn frá grófskolu lesta skal tekið til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlæð í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði greinar 2.15.

#### **2.2 Uppsjávarfiskur**

Magn reikulla basa í hráefni (TVN-gildi), sem tekið er til vinnslu í verksmiðju skal ekki fara upp fyrir **120** mg N/100 g. Ef ekki tekst að uppfylla þessa kröfu, gilda ákvæði í 2.mgr. gr. 2.9.

Rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn, eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni. Sé ekki hægt að koma því við skal rotverja eða ísa afla við löndun. Þetta gildir þó ekki um afla á vetrarvertið sem unnin er innan þriggja sólarhringa frá veiðum.

#### **2.3 Afskurður og annar fiskúrgangur**

Afskurður og annar fiskúrgangur skal tekinn til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Afskurður og annar fiskúrgangur skal rotvarinn, ísaður eða kældur í eftirfarandi tilfellum:

- Ef hann er fluttur frá fiskvinnslustöð þegar meira en sólarhringur er liðinn frá því að hann fellur til.
- Ef líkur eru á að vinnsla aflans í verksmiðju dragist meira en þrjá sólarhringa.

Afskurð og annan fiskúrgang skal vinna jafnóðum og hann berst ef vinnsla á bræðslufiski er í gangi. Verksmiðjan skal bræða allan fiskúrgang innan sjö daga frá móttöku sé þess nokkur kostur.

#### **2.4 Flutningstæki og hráefnismóttaka**

Rekstraraðili, eða verktaki á hans vegum, skal annast flutninga á hráefni frá fiskvinnslustöðvum þ.e. Afskurð og öðrum fiskúrgangi. Þó er heimilt að taka á móti afskurði og öðrum fiskúrgangi frá fisksölum og fiskvinnslum sem staðsettar eru nálægt verksmiðju, enda uppfylli hráefnið mörk fyrir TVN gildi. Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum og viðurkennd af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings á afskurði og öðrum fiskúrgangi skulu vera lokað og þétt.

Hráefnismóttaka og flutningstæki skulu vandlega þrifin strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar. Frárennsli frá þvottaaðstöðu skal hreinsað með hreinsibúnaði t.d. safn- og fitugildru.

#### **2.5 Hráefnisgeymslur**

Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum eða lokaðum geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökví frá hráefni tekinn til vinnslu í verksmiðju eða

# Tillaga að starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldavinnslunnar hf. Helguvík

meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði í gr. 2.15. Þetta á einnig við um vatn frá fyrstu skolun og skal halda því í lágmarki t.d. með háþrýstdælum.

Tæming hráefnisgeymsla skal vera sjálfvirk eftir því sem frekast verður við komið. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með köldu vatni. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrífa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan geymslusvæðisins er óheimill.

## **2.6 Blóðvatnsgeymar**

Til staðar skulu vera geymar sem rúma allan vökva sem til fellur við löndun, hreinsun lesta og hráefnisgeymsla. Gera skal ráðstafanir til að vökvi úr yfirlöllum geyma fari í gegnum sérstakan hreinsibúnað eða í gegnum fitugildru áður en hann berst til sjávar.

## **2.7 Rot- og þráavörn**

Rot- og þráavarnarefnin skulu vera jafndreifð og leitast skal við að nota sjálfvirkan skömmunararbúnað.

## **2.8 Olíuqeymar**

Meðferð olíu skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

## **LOFT**

## **2.9 Loftmengun**

Halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi efnun úr útblæstri.

Uppfylli hráefnið ekki kröfur sem gerðar eru til TVN gildis í grein 2.2 skal rekstraraðili meta veðurfar, sérstaklega vindstyrk og stefnu og forðast vinnslu þegar vindátt er að byggð. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um slík tilvik eins fljótt og mögulegt er.

Losun frá olíubrennurum:

Fyrir losun í útblæstri frá olíubrennara gilda eftirfarandi mörk:

Efnispáttur	Losunarmörk mg/Nm3*	Tímabil meðaltals
Ryk	100	1 sólarhringur

\*Gildir fyrir 3% O af rúmmáli.

## **2.10 Loftræsting frá tækjum og húsnæði**

Afsog skal vera frá öllum tækjum í blautvinnslu svo sem sjóðurum, þurrkurum, pressum, sniglum, tönkum og skilvindum. Loftræstingu frá tækjum skal hanna á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með, þó þannig að það sé undirþrýstingur í húsinu. Afsogið skal flutt til

lyktareyðingar. Sog frá tækjum í mjölvinnslu svo sem mjölkvörn og mjölkæli skal tekið í gegnum hreinsibúnað, t.d. rykskilju.

## **2.11 Hreinsun útblásturslofts**

Lykteneyðing skal framkvæmd í þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblástursloft frá tækjum og þurkurum, og síðan með brennslu í brunahólfum heitloftspurrkara eða tilsvarandi búnaði. Brennsla við 800°C í 1/3 úr sekúndu er lágmark. Afköst brunahólfa skulu vera nægileg til þess að taka við öllu lyktarmenguðu lofti frá verksmiðju. Einnig er heimilt að eyða lykt í efnaturni (kemísk oxun) eða annars konar jafnvirkri aðferð.

## **2.12 Skorsteinn**

Að lokinni eyðingu lyktar skal leiða útblástursloft út í gegnum skorstein sem er ekki lægri en ein og hálfburhæð miðað við gólfhlót verksmiðjuhúss og nærliggjandi húsa og í nægilegri hæð til að ekki sé stuðlað að niðurdrætti. Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 20 m/s til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt. Umhverfisstofnun getur samþykkt lægri lofthraða, með hliðsjón af hæð og hönnun skorsteins.

VATN

## **2.13 Soðeimingartæki**

Soðeimingartæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum og skal ekki ofhlaða þau. Allt soðvatn skal nýta.

## **2.14 Hreinsivökvi**

Þegar notuð eru ætandi efni, svo sem vítissódi og saltpéturssýra, til hreinsunar á tækjabúnaði t.d. soðkjarnatækjum og skilvindum, skal hreinsivökvanum dælt í geymi og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar honum er veitt til sjávar, skal sýrustigið (pH) vera innan þeirra marka sem fráveitan er gerð fyrir.

## **2.15 Hreinsun frárennslis frá vinnslu**

Frárennslí frá löndunarbúnaði, hráefnisgeymslum og vinnslu skal meðhöndla í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Búnaðurinn skal vera sjálfhreinsandi og skal endurvinna fitu og föst efni. Eftir uppsetningu hreinsibúnaðar skal mæla fitu, svifefni og COD í frárennslí hans til að staðfesta virknina.

Annað frárennslí verksmiðjunnar sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Þetta á við um frárennslí frá gólfum, plönum og frá þrifum. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur.

Frárennslí skal uppfylla skilyrðin sem fram koma í gr. 2.16. Ef losun er yfir þeim mörkum sem fram koma þar getur Umhverfisstofnun krafist frekari hreinsunar á frárennslí.

Stærð og gerð hreinsibúnaðar er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Fráveitulagnir skulu uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

## 2.16 Losunarmörk á frárennsli

Eftirfarandi losunarmörk og tímamörk gilda fyrir frárennslisvatn:

Efnispáttur	Losunarmörk	Tímabil meðaltals
Fita (oil & grease)	100 mg/l	1 sólarhringur
Svifefni	300 g/t hráefnis*	1 sólarhringur
COD(efnafræðileg súrefnispörf) skal ekki fara yfir:	1,5 kg/t hráefnis*	1 sólarhringur

\* Miðað við heildarlosun frá verksmiðjunni, en heimilt er að draga frá magn þessara efna í sjó sem tekinn er inn í fráveitu

## 2.17 Annað frárennsli

Frárennsli frá snyrtungum skal leiða í almenningsfráveitu. Þar sem það er ekki framkvæmanlegt skal hreinsa frárennsli í hreinsunarþúnaði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.

## ÚRGANGUR

## 2.18 Almennt

Stuðlað skal að endurnýtingu og draga skipulega úr myndun úrgangs. Úrgangi skal komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Stuðla skal að endurnýtingu.

## ANNAÐ

## 2.19 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfsemanni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAEQ á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAEQ í íbúðabyggð.

## 2.20 Lýsisgeymar og lekavarnabró

Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Hafi rekstraraðili aðgang að olíuflotgirðingu, sem er a.m.k. 130 metrar að lengd, til að hefta útbreiðslu lýsis sem fer í sjó, er heimilt að minnka rýmd lekavarna í 60%. Rekstraraðili skal skila inn til Umhverfisstofnunar staðfestingu á því að notkun flotgirðingar sé æfð á a.m.k. 5 ára fresti.

Á fráreynsli þróar skal vera lokunarþúnaður af viðurkenndri gerð og hann þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjasí. Lokinn skal standa lokaður nema þegar þróin er tæmd.

## **2.21 Athafnasvæði**

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Ekki skal geyma vélarhluta eða annað lauslegt dreift um rekstrarsvæðið og **fiskúrgang** skal fjarlægja af lóð þegar í stað. Allar akstursleiðir við verksmiðju og plön við verksmiðjudyr skulu lagðar bundnu olíu- og fituþolnu slitlagi.

## **2.22 Hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðjuhúss og önnur svæði**

Gólfí í verksmiðjuhúsi og öðrum svæðum sem geta lyktað, skal haldið hreinum. Gera skal hreinlætisáætlun til að sporna gegn lykt í verksmiðjuhúsum og utan þeirra.

## **2.23 Skráning efna, efnanotkun, leyfisveitingar og mat**

Efni sem notuð eru þannig að hætta sé á að þau valdi mengun skulu vera prófuð með tilliti til eituráhrifa, niðurbrots og uppsöfnunar í náttúrunni. Leitast skal við að skipta út efnunum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunun skv. grein 4.4.

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur (REACH). Þannig skal rekstraraðili sjá til þess að öll efni sem notuð eru séu skráð og uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 750/2008, um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni, sbr. þó þær undantekningar um skráningar sem þar gilda.

# **3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA**

## **3.1 Skráningar**

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði þ.e. lyktareyðingarbúnaði, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir fráreynsli.
- Tæmingu fitugildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- Allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- Notkun efna sbr. gr. 2.23, þar með talin rotvarnarefni og efni notuð í efnaturni.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Framkvæmd hreinlætisáætlana skv. grein 2.22.

## **3.2 Eftirlitsmælingar**

Gera skal eftirfarandi mælingar og skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Ástand landaðs hráefnis t.d. hitastig og TVN gildi.

# Tillaga að starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldavinnslunnar hf. Helguvík

- TVN-gildi og hitastig hráefnis sem tekið er til vinnslu skal mæla að lágmarki einu sinni á dag, á föstum fyrirfram ákveðnum tínum, t.d. í byrjun vakta og alltaf þegar skipt er um hráefnisgeymslu eða farm. Taka skal fleiri mælingar sama dag ef TVN gildið fer yfir 100 mg N/100 g. Allar mælingar á TVN skulu aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring (meðalsýni) meðan vinnsla er í gangi og skal viðeigandi aðstaða fyrir sýnatöku vera til staðar. Einnig er heimilt að mæla fitu, svifefni og COD í sjó sem tekinn er inn í fráveitu og fá þannig út losun sbr. losunarmörk í grein 2.16.
- Framkvæma skal rennslismælingar í frárennsli á sama tíma og sýnataka fer fram.
- Rekstraraðili getur látið mæla BOD í stað COD, kjósi hann svo, og skal þá skila útreiknuðu COD-gildi til eftirlitsaðlila auk hins mælda gildis.
- Eftirlitsaðili getur jafnframt farið fram á mælingar á sýrustigi við losun sýru og vítissóda í frárennsli telji hann ástæðu til.
- Mælingar á útblásturshraða í skorsteini. Mæla skal útblásturshraða einu sinni á starfsleyfistíma, fyrir 1. janúar 2014. Sé útblásturshraði nægjanlegur þarf ekki að endurtaka mælinguna á starfsleyfistímanum, nema gerðar verði breytingar sem ætla má að geti valdið breyttum útblásturshraða.
- Ein mæling skal gerð á úblæstri frá olíubrennurum fyrir árslok 2015 og getur Umhverfisstofnun krafist frekari mælinga, þyki ástæða til.

## **3.3 Grænt bókhald og útstreymisbókhald**

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Eftirlitsmælingum í grein 3.2 skal skilað með grænu bókhaldi. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

## **3.4 Hávaði**

Eigi síðar en í árslok 2015 skal mæla hávaða frá verksmiðjunni. Mælingin skal miðast við það hvort fylgt sé kröfum í grein 2.19.

# **4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ**

## **4.1 Starfshættir**

Rekstraraðili skal tryggja gæði hráefnis eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að að halda mengun lofts og lagar í lágmarki. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

## **4.2 Samskipti**

Sérstakur fullríu rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

#### **4.3 Umhverfisstjórnun og markmið**

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þáttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þáttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

#### **4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun**

Rekstraraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlun skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

#### **4.5 Tilkynning vegna mengunaróhappa**

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4.

#### **4.6 Tryggingar**

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

#### **4.7 Eftirlit**

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd eftirlits í samræmi við 4.mgr. 7.gr. og 1.mgr. 9.gr. í reglugerð nr. 786/1999.

Viðbótareftirlit getur farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

#### **4.8 Breytingar á mælingum**

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

### **5. UMHVERFISVÖKTUN**

#### **5.1 Vöktunarmælingar**

Umhverfisstofnun mun meta þörf á sérstakri vöktunaráætlun hverju sinni eða þáttöku rekstraraðila í sameiginlegum vöktunaráætlunum. Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins og vöktunarkröfur vegna alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að.

## **5.2 Mælingar á frárennsli**

Rekstraraðili skal framkvæma heildarúttekt á losun mengandi efna í samráði við Umhverfisstofnun. Mælingar skal gera á fitu, svifefni og COD og/eða BOD í sýnum sem tekin eru samhliða rennslismælingum.

Úttektin skal taka fyrir vinnslu á helstu tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni og gera bæði grein fyrir vetrarvinnslu og sumarvinnslu. Gera skal rennslismælingar í frárennslislögnum verksmiðjunnar annars vegar miðað við venjulega vinnslu og hins vegar við löndun. Mælingarnar skulu vera eins áræðanlegar og kostur er og gera skal grein fyrir mæliaðferðum og atriðum sem geta haft áhrif á túlkun niðurstaðna og ráðstöfunum til að bregðast við skekkjuvöldum í mælingum, svo sem seltu og aðstæðum við rennslismælingar. Gæta skal að því að mæliraðir séu nógu langar til að forðast tilfallandi skekkjur og óvissu. Á grundvelli mælinganna skal meta heildarlosun lífrænna efna frá verksmiðjunni þannig að áhrif á umhverfið og hugsanlegt verðmætatap liggi fyrir. Við úttektina er heimilt að samnýta mælingar skv. gr. 3.2.

Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum þessarar úttektar fyrir 1. maí 2016 ásamt upplýsingum um heildarmagn unnins hráefnis þann tíma sem könnunin nær yfir.

## **6. GJALDSKYLDA.**

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. eftirlitsflokk skv. lið 1a í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## **7. GILDISTAKA.**

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til xx. xx 2029. Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra starfsleyfi verksmiðjunnar frá 4. mars 2002 sem útgefið var af Hollstuvernd ríkisins.

**Reykjavík xx. xx 2013**

**Umhverfisstofnun**